

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 27. apríl 2022
UST202203-321/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 og deiliskipulagi fyrir Urriðaholt, norðurhluti fjögur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 og deiliskipulagi fyrir Urriðaholt, norðurhluta fjögur.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að breyta skilmálum í aðalskipulagi fyrir svæðið norðan Urriðaholtsstrætis þannig að heimildir fyrir íbúðarhúsnæði verði rýmkaðar. Einnig verði landnotkunarflokkur á svæði innan 5.04 Vþ, sem samkvæmt deiliskipulagi er íbúðarsvæði, breytt þannig að það verði hluti af íbúðarsvæðinu 5.05. Auk þess kemur fram að samhliða breytingu á aðalskipulagi verði gerð breyting á deiliskipulagi norðurhluta 4 sem heimili 70-80 íbúðir fyrir 50 ára og eldri á lóð við Urriðaholtsstræti 9.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur